

# Síminn hf. og Skipti hf.

**Gögn um skiptingu Símans hf. Viðtökufélag er Skipti hf.**

***Documents regarding the de-merger of Síminn hf. The company formed by the de-merger is Skipti hf.***

## Efnisyfirlit

Skiptingaráætlun .....	1-2
Greinargerð félagsstjórna.....	3-4
Skýrsla matsmanna .....	5
Skiptingarefnahagsreikningur .....	6-8

## Table of contents

De-Merger schedule .....	1-2
Board of director's exposition.....	3-4
Appraiser report .....	5
De-Merger balance sheet .....	6-8

## SKIPTINGARÁÆTLUN

### *De-Merger Schedule*

Stjórn Símans hf., kt. 500269-6779, Ármúla 25, 150 Reykjavík gerir með sér svohljóðandi skiptingaráætlun.

*The board of directors in Siminn hf., Corporate ID-No. 500269-6779, Ármúla 25, 150 Reykjavík, has agreed upon the following de-merger schedule.*

1. Stjórn félagsins er sammála um að Símanum hf. verði skipt samkvæmt 133. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Í skiptingunni renna tilteknir eignarhlutar félagsins í dótturfélögum og öðrum félögum, alls 23 eignarhlutir, inn í Skipti hf. Einnig renna inn í Skipti hf. hluti þeirra hlutabréfa í Símanum hf. sem hluthafar í Símanum hf. láta af hendi við skiptinguna, sbr. 2. gr. hér á eftir, eða að nafnverði kr. 10.058.675.734. Jafnframt renna kröfur og skuldir tengdum eignarhlutunum, með áföllnum vöxtum, inn í Skipti hf. ásamt skuldabréfi Símans hf. sem skráð er í Kauphöll Íslands. Skiptingin skal reikningshaldslega miðast við 31. október 2006.

*The board of directors has agreed that Síminn hf., will be de-merged in accordance with the Public Limited Liability Act no. 2/1995, Article 133. The de-merger will be performed by moving into Skipti hf. shares in subsidiaries, and other companies, a total of 21 different shareholdings. In addition to this part of shares rendered by the shareholders according to Article 2, at nominal value 10.058.675.734 ISK will move to Skipti hf. Debts and receivables with accrued interests, connected to the shareholdings, along with the bond registered on the Icelandic Stock Exchange, will also move to Skipti hf. The date of the de-merger is 31<sup>st</sup> of October according to the balance sheet enclosed.*

2. Við skiptinguna fá hluthafar í Símanum hf. eingöngu hluti að nafnverði kr. 7.000.000.000 eða allt hlutafé í Skipti hf. í skiptum fyrir hlutabréf sín að nafnverði kr. 30.400.398.440 í Símanum hf.

*The shareholders of Siminn hf. shall receive all shares in Skipti hf., at the nominal value 7.000.000.000 ISK, in return for their shares in Siminn hf., nominal value 30.400.398.440 ISK. The shareholders do not receive any other return for their shares in Siminn hf.*

3. Eftir skiptingu verður hlutafé í Símanum hf. kr. 10.588.079.720, en var kr. 30.929.802.426. Við skiptinguna lækkar þannig hlutafé Símans hf. um kr. 20.341.722.706 í samræmi við 51. gr. l. nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé í Skipti hf. fyrir skiptingu er kr. 4.000.000 en eykst um kr. 6.996.000.000 við skiptinguna og verður þá að nafnverði kr. 7.000.000.000.

*After the de-merger the share capital of Siminn hf. will be 10.588.079.720 ISK, but was before 30.929.802.426 ISK. At the time of the de-merger the share capital of Siminn hf. is lowered by 20.341.722.706 ISK in accordance with the Public Limited Liability Act no. 2/1995, Article 51. The share capital of Skipti hf. before the de-merger is 4.000.000 ISK, but will increase with the de-merger by 6.996.000.000 ISK and be after the de-merger at nominal value 7.000.000.000 ISK.*

4. Hlutir þeir í Skipti hf. sem látnir eru hluthöfum Símans hf. í té við uppskipti skulu frá skiptingardegi veita öll sömu réttindi og eldri hlutir, þar með talið réttindi til arðs.

*The shares in Skipti hf. which the shareholders of Siminn hf. receive shall from the official day of de-merger give all the same rights as the older shares, including the right to dividends.*

5. Skiptingin skal reikningslega taka gildi 31. október 2006 og frá þeim degi tekur Skipti hf. við öllum tekjum og greiða öll gjöld vegna eigna og skulda þeirra sem til þess renna við skiptinguna.

*The de-merger shall come to effect as of the 31<sup>st</sup> of October 2006 and from that day Skipti hf. shall receive all income and pay all dues connected to the assets and liabilities that Skipti hf. receives with the de-merger.*

6. Engir hluthafar, stjórnendur, lánadrottnar né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda, hlunninda eða annars umfram aðra.

*No shareholders, managers, creditors or others shall be in a preferred position nor enjoy any special rights or benefits putting them in any kind of preferred position than others.*

7. Stefnt skal að því, að ákvörðun um skiptingu félagsins verði tekin til afgreiðslu á hluthafafundi í Símanum hf. fyrir lok mars 2007.

*It is estimated that shareholders meeting will formally decide on the de-merger no later than the end of March 2007.*

8. Sá fyrirvari er gerður vegna skiptingar þessarar að nauðsynleg forsenda þess að óskað sé eftir samþykki hluthafafundar er að staðfesting hafi verið fengin hjá einkavæðingarnefnd vegna skiptingarinnar.


*It is noted that this de-merger will not be taken into consideration by the shareholders meeting if a confirmation on the de-merger and its effects by the Executive Committee on Privatization has not been established before that time.*

9. Til staðfestingar á skiptingaráætlun þessari undirritar stjórn Símans hf. hana með fyrirvara um tilskilið samþykki hluthafafundar og tekur skiptingin gildi við þá staðfestingu.

*As confirmation of this de-merger schedule the board of directors in Siminn hf. shall sign below with the provisionally that the shareholders meeting shall confirm it and by such a confirmation the de-merger shall become active.*

Reykjavík, 19. desember 2006.

Stjórn Símans hf.  
(Board of Siminn hf.)

The image shows four handwritten signatures in black ink, arranged horizontally. The signatures are written in a cursive style. The first signature on the left is the most prominent and appears to be 'Lok'. The other three signatures are more stylized and less legible, but they are clearly intended to be the names of the board members.

## **Greinargerð stjórnar Símans hf. um skiptingaráætlun** ***Board of Directors De-Merger Exposition***

Í samræmi við 121. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, setur stjórn Símans hf. fram eftirfarandi greinargerð um skiptingu félagsins:

*In accordance with the Public Limited Companies Act no. 2/1995, Article 121, the board of directors puts forward the following exposition:*

Skipting Símans hf. er liður í skipulagsbreytingu í samstæðu Símans hf. sem gengur út á að hver rekstareining verði rekin sem sér dótturfyrirtæki og þau verði síðan öll í eigu eins móðurfélags, eignarhaldsfélags, sem ekki mun hafa annan rekstur með höndum en þeim sem fylgir eignarhaldi á öðrum félögum og að koma fram fyrir samstæðuna sem samnefnari. Í seinni skiptingunni er síðan einnig rekstrareiningum, fasteignum og fjarskiptanetinu, sérstaklega skipt í sérstök dótturfélög.

*The de-merger of Siminn hf. is part of an organizational change within the consolidated group of Siminn hf. which has its objective to have each operational unit run in separate subsidiaries which are all owned by one parent company, a holding company, which will not have any operations, other than is necessary for the holding of shares in other companies and to front the group as whole. In a second de-merger real estate and the telecommunications network will be placed separately in different subsidiaries.*

Símanum hf. verður skipt upp þannig að hluti eignarhluta félagsins í dótturfélögum og öðrum félögum renni inn í Skipti hf. Einnig renna inn í Skipti hf. hlutabréf þau í Símanum hf. sem hluthafar í Símanum hf. láta af hendi við skiptinguna, sbr. 2. gr. hér á eftir, að nafnverði kr. 10.058.675.734. Jáfnframt renna kröfur og skuldir tengdum eignarhlutunum, með áföllnum vöxtum, inn í Skipti hf. ásamt skuldabréfi Símans hf. sem skráð er í Kauphöll Íslands. Skiptingin skal reikningshaldslega miðast við 31. október 2006.

*Siminn hf. will be de-merged by moving into Skipti hf. shares in subsidiaries and other companies. In addition to this part of the shares rendered by the shareholders according to Article 2 will move to Skipti hf., at nominal value 10.058.676.000 ISK. Debts and receivables with accrued interests, connected to the shareholdings, along with the bond registered on the Icelandic Stock Exchange, will also move to Skipti hf. The date of the de-merger is 31<sup>st</sup> of October according to the balance sheet enclosed.*

Stjórnin hefur sett fram áætlun um skiptingu félagsins í samræmi við 120. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

*The board of directors has put forward a schedule on the de-merger in accordance with the Public Limited Companies Act no. 2/1995, Article 120.*

Stjórnir félaganna hafa metið eignir og skuldir félaganna og er stuðst við það mat við ákvörðun skiptahlutfalla.

*The boards of directors in both the companies have valued the assets and liabilities of the companies and that valuation is suggestive with the determination of the de-merger ratio.*

Við skiptinguna fá hluthafar í Símanum hf. eingöngu hluti að nafnverði kr. 7.000.000.000 eða allt hlutfé í Skipti hf. í skiptum fyrir hlutabréf sín að nafnverði kr. 30.400.398.440 í Símanum hf.

*The shareholders of Siminn hf. shall receive all shares in Skipti hf., at the nominal value 7.000.000.000 ISK, in return for their shares in Siminn hf., nominal value 30.400.398.440 ISK. The shareholders do not receive any other return for their shares in Siminn hf.*

Engin vandkvæði fylgja ákvörðun endurgjalds enda liggur matsverð eigna fyrir og svo er skiptingin einnig mjög einföld að því leyti að hluthafar og eignarhlutfall þeirra í Skipti hf. verða nákvæmlega eins og var í Símanum hf. fyrir skipti.



*There are no complications in deciding the return since both the value of assets is clear and the de-merger is straightforward insofar that the shareholders and their ownership in Skipti hf. will be exactly the same as they used to be in Siminn hf. before the de-merger.*

Meðfylgjandi er kannaður efnahagsreikningur vegna skiptingarinnar sem miðaður er við 31. október 2006 svo og drög að upphafsefnahagsreikningum fyrir Skipti hf. miðað við sama tíma.

*Enclosed are the reviewed de-merger accounts, dated 31<sup>st</sup> of October 2006 and the draft of the initial balance sheet of Skipti hf. at the same time.*

Reykjavík, 19. desember 2006.

Stjórn Símans hf.  
(The board of directors in Siminn hf.)



Reykjavík 19. desember 2006.

Stjórn Símans hf.  
*The board of directors in Siminn hf.*

**Efni: Skýrsla endurskoðanda vegna skiptingar Símans hf.**  
*Subject: Appraisers report on the de-merger of Siminn hf.*

Að beiðni yðar höfum við farið yfir skiptingaráætlun Símans hf., dags. 19. desember 2006 sem stjórn Símans hf. undirritar, og greinargerð stjórnar félagsins með henni. Með greinargerðinni er skiptingarefnahagsreikningur og drög að upphafsefnahagsreikningi hins skipta félags og viðtökufélags, miðað við 31. október 2006. Skiptingin er í samræmi við ákvæði laga um hlutafélag.

*At your request we have reviewed the de-merger schedule made by the board of directors in Siminn hf., dated 19<sup>th</sup> of December 2006, which the board signs along with the board's exposition. With the exposition the de-merger accounts are enclosed, dated 31<sup>st</sup> of October. The de-merger is in accordance with the law on Public limited liability companies.*

Í skiptingaráætlun er gert ráð fyrir að hluthafar í Símanum hf. fái eingöngu hluti að nafnverði kr. 7.000.000.000 eða allt hlutafé í Skipti hf. í skiptum fyrir hlutabréf sín að nafnverði kr. 30.400.398.440 í Símanum hf. Gert er ráð fyrir að hlutafé Símans lækki í skiptingunni um kr. 20.341.722.706.

*In the de-merger schedule it is assumed that the shareholders of Siminn hf. will only receive shares, at nominal value 7.000.000.000 ISK, which is all shares in Skipti hf., in return for their shares in Siminn hf., at nominal value 30.400.398.440 ISK. It is anticipated that the share capital of Siminn hf. will be lowered by 20.341.722.706 ISK at the time of the de-merger.*

Það er álit okkar að skiptihlutfall það sem gert er ráð fyrir í skiptingaráætlun félaganna sé eðlilegt og sanngjarnt. Í því sambandi er rétt að benda á að það verða nákvæmlega sömu hluthafar í Skipti hf. eftir skipti og í Símanum hf. fyrir skipti og munu eignarhlutföll þeirra einnig verða nákvæmlega þau sömu í Skipti hf. eftir skipti og þau voru í Símanum hf. fyrir skipti.

*It is our opinion that the return rate in the de-merger schedule is normal and fair. In that context it is pointed out that the shareholders of Skipti hf. after the de-merger are exactly the same as in Siminn hf. before the de-merger, in the same proportions.*

Að okkar áliti mun skiptingin ekki rýra möguleika lánardrottna á fullnustu krafna sinna hjá félögunum.

*In our opinion the de-merger will not affect creditors of the companies.*

Virðingarfyllst,

**Deloitte hf.**

  
Hilmar A. Alfreðsson,  
endurskoðandi

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Símans hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi skiptingarefnahagsreikning Símans hf. dags. 31. október 2006, en hann er byggður á árshlutauppgjöri félagsins, dagsett 31. október 2006 og ákvörðun stjórnar um skiptingu. Efnahagsreikningurinn er saminn í samræmi við ákvæði XIV. kafla laga nr. 5/1995, um hlutafélög, og sýnir þær breytingar sem álitð er að skiptingin muni hafa í för með sér og upphafsefnahagsreikning Símans hf. og Skipta hf. eftir skiptingu. Upphafsefnahagsreikningar eru lagðir fram af stjórnendum félaganna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða og með vísan til XIV. kafla laga nr. 5/1995, um hlutafélög þá leiddi könnun okkar ekki annað í ljós en að efnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum beggja félaganna, þeim breytingum sem samruninn hefur í för með sér og upphafsefnahagsreikningum Símans hf. og Skipta hf.

Reykjavík, 19. desember 2006.

**Deloitte hf.**



Hilmar A. Alfredsson  
endurskoðandi

Síminn hf. Skiptingarefnahagsreikningur og upphafsefnahagsreikningur 31. október 2006

Eignir

	Síminn hf.		Síminn hf.		Skipti hf.
	Fyrir skipti	Millifærslur	Eftir skipti	Millifærslur	Eftir skipti
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	17.397.601		17.397.601		
Óefnislegar eignir .....	57.778.869	(1.161.210)	56.617.659	0	1.161.210
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	425.440	(404.889)	20.551	0	404.889
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	1.955.584	(1.703.219)	252.365	24.395.311	26.098.530
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	1.433.829	(1.433.829)	0	0	1.433.829
<b>Fastafjármunir</b>	<b>78.991.323</b>	<b>(4.703.147)</b>	<b>74.288.176</b>	<b>24.395.311</b>	<b>29.098.458</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir .....	291.085	0	291.085	0	0
Viðskiptakröfur .....	3.706.339	0	3.706.339	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	834.230		834.230	15.025.487	15.025.487
Handbært fé .....	83.010	0	83.010	0	0
<b>Veltufjármunir</b>	<b>4.914.664</b>	<b>0</b>	<b>4.914.664</b>	<b>15.025.487</b>	<b>15.025.487</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>83.905.987</b>	<b>(4.703.147)</b>	<b>79.202.840</b>	<b>39.420.798</b>	<b>44.123.945</b>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutafé .....	30.929.802	(20.341.722)	10.588.080		
Hlutafé .....			0	7.000.000	7.000.000
Varasjóður .....	353.429	0	353.429	0	0
Þýðingarmunur .....	36.902	0	36.902	0	0
Annað eigið fé .....	(937.711)	15.638.575	14.700.864	17.395.311	22.098.458
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>30.382.422</b>	<b>(4.703.147)</b>	<b>25.679.275</b>	<b>24.395.311</b>	<b>29.098.458</b>

Skuldir

Langtímaskuldir

Tekjuskattskuldbinding .....	456.165	0	456.165	0	0
Skuldabréfalán .....	46.996.536		46.996.536	15.025.487	15.025.487
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>47.452.701</b>	<b>0</b>	<b>47.452.701</b>	<b>15.025.487</b>	<b>15.025.487</b>

Skammtímaskuldir

Næsta árs atborganir langtímaskulda .....	2.669.324	0	2.669.324	0	0
Bankalán .....	701.266	0	701.266	0	0
Viðskiptaskuldir .....	1.252.859	0	1.252.859	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.447.415	0	1.447.415	0	0
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>6.070.864</b>	<b>0</b>	<b>6.070.864</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

**Skuldir alls** 53.523.565 0 53.523.565 15.025.487 15.025.487

**Eigið fé og skuldir alls** 83.905.987 (4.703.147) 79.202.840 39.420.798 44.123.945

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

**Deloitte hf.**  
